

Nefndasvið Alþingis
v/Allsherjarnefndar
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2004

Efni: Umsögn um frumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991 með síðari breytingum, 871. mál.

Dómstólaráði hefur verið sent til umsagnar frumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991 með síðari breytingum. Ráðið fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 29. apríl sl. og samþykkti eftirfarandi umsögn um það. Ráðið gerir athugasemdir við þann stutta frest sem gefinn er til umsagnar um svo þýðingarmiklar lagabreytingar.

Dómstólaráð telur mikilvægt að vandað sé til verka við undirbúning lagafrumvarpa um réttarfarsmálefni. Ætla má að athugasemdir og tillögur frá þeim sem vinna með slíka löggjöf svo sem héraðsdómurum, Dómstólaráði, Dómarafélagi Íslands, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands séu til þess fallnar að slík frumvörp verði vandaðri en ella. Hið sama má segja um réttarfarsnefnd.

Um 1. gr.

Ráðið er fylgjandi því að 1. mgr. 43. gr. oml. verði breytt. Umrætt ákvæði setur lögreglu of þröngar skorður við rannsókn flókinna sakamála þar sem sakborningar eða grunaðir eru margir, svo sem stórra fíkniefnamála og annarrar skipulagðrar glæpastarfsemi. Í 2. másl. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna er að vísu að finna heimild til að framlengja þann vikutíma sem lögregla getur haldið gögnum frá verjanda og þar með sakborningi. Skýrslutökur af sakborningum fyrir dómi undir rannsókn máls, sem virðist stundum beðið um í þeim eina tilgangi að framlengja umræddan frest, skapa lögreglu og dómstólum talsverða fyrirhöfn.

Ráðið telur að ýmislegt mætti betur fara í ákvæðinu eins og það er fram sett í frumvarpinu. Ráðið telur að setja verði tímaramma á heimild lögreglu til að halda gögnum frá verjanda/sakborningi. Ráðið telur æskilegt að í ákvæðinu verði kveðið á um heimild til að bera undir dómara ákvörðun lögreglu um að afhenda ekki gögn sem orðin eru t.d. vikugömul og skyldu lögreglu til að afhenda gögn sem orðin eru fjögurra vikna gömul, hugsanlega með þeirri undantekningu að lögregla geti leitað heimildar dómara til að halda gögnum lengur. Jafnframt verður að ætla að verjandi/sakborningur sættist frekar á að fá ekki aðgang að gögnum um tíma ef hann veit fyrirfram hvenær þess er að vænta að hann fái þau.

Ráðið telur að rétt sé að ákvæðið hafi að geyma skilyrði fyrir því að halda megi gögnum lengur en í eina viku og gætu þau lotið að því að um væri að ræða brot sem



DÓMSTÓLARÁÐ

varðað gæti fangelsisrefsingu, rannsókn væri umfangsmikil eða um fleiri en einn sakborning eða grunaðan sé að ræða.

Þá telur ráðið orðalagið *"ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins"* óheppilegt. Heppilegra væri að vísa til annarrar viðmiðunar en þess sem lögregla telur og bendir ráðið á orðalagið *"ef ætla verður að það geti torveldað verulega eða skaðað rannsókn málsins"*. Eins og ákvæðið er orðað virðist dómari aðeins eiga að endurskoða hvort lögregla hafi talið afhendingu gagna torvelda eða skaða rannsókn.

Um 2. gr.

Dómstólaráði er ljóst mikilvægi þess að tryggja öryggi vitnis þegar fyrir liggur að því getur stafað alvarleg ógn af sakborningi. Ef engin úrræði eru til að bregðast við hótunum sem beinast að brotapolum eða öðrum vitnum er hætt við að útilokað reynist að upplýsa brot. Timabært virðist að setja slíkt ákvæði þar sem teikn eru á lofti um að skipulögð glæpastarfsemi sé að festa hér rætur. Við lögfestingu slíks ákvæðis verður hins vegar að hafa í huga ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994, en hann tryggir sakborningi rétt til að fá að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum. Þrátt fyrir þessa meginreglu er heimilt að víkja ákærða úr dómsal að tilteknum skilyrðum uppfylltum en þá er með ýmsum aðferðum reynt að tryggja að ákærði geti fylgst með skýrslutöku, t.d. af sjónvarpsskjá í öðru herbergi, og komið að spurningum með milligöngu verjanda. Nái þessi breytingartillaga fram að ganga verður að tryggja rétt ákærða með öðrum móti. Hugsanleg leið er sú að ákærði sé staddur í öðru herbergi í dómhúsi en fái ekki að fylgjast með skýrslutöku. Hlé sé hins vegar gert á skýrslutöku af umræddu vitni og verjandi fái að upplýsa sakborning um gang skýrslutöku og honum þannig gefinn kostur á að koma að spurningum til vitnis. Dómstólaráði virðist sem sú takmörkun sem ákvæðið felur í sér á rétti sakbornings sé ekki slík að stangist á við 3. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1994, ef tryggt verður í framkvæmd að sakborningur fái upplýsingar um framburð vitnis og fái í reynd að koma að spurningum fyrir milligöngu verjanda, enda virðast hinir mikilvægu hagsmunir að tryggja öryggi vitnis réttlæta þessa takmörkun.

Um 3. gr.

Ráðið lýsir yfir ánægju sinni með að lögfest verði sérstök heimild fyrir lögreglu til að taka yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk. Slikar upptökur er til þess fallnar að koma í veg fyrir ástæðulausa sönnunarfærslu fyrir dómi um það hvað sakborningur hefur borið fyrir lögreglu og jafnframt að treysta réttaröryggi þess er sætir yfirheyrslu hjá lögreglu.

Um 4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið.

Um 5. gr.

Við fjölmargar rannsóknir fíkniefnamála á síðustu árum hefur komið í ljós að þeir sem leggja á ráðin um slík brot skipta oft um síma og símanúmer enda slíkt afar



DÓMSTÓLARÁÐ

auðvelt. Hefðbundnir úrskurðir um hlerun símtala úr tilteknum símanúmerum ná því oft skammt.

Dómstólaráð telur þó ekki ástæðu til að bæta umræddu ákvæði við 87. gr. og telur mikilvægt að lögreglu verði áfram gert að beina rökstuddri beiðni um slíkar rannsóknaraðgerðir til dómara. Bent er á að í þessum málum getur sá sem rannsóknaraðgerð beinist að ekki gætt réttar síns á neinn hátt og því mikilvægt að slík beiðni sé borin undir dómara áður en ráðist er í rannsóknaraðgerð. Skamman tíma tekur að afla úrskurðar dómara um þær rannsóknaraðgerðir sem um ræðir.

Ráðið telur rétt að huga að því hvort ekki væri heppilegra og árangursríkara að lögfesta að dómari geti heimilað umræddar rannsóknaraðgerðir gagnvart tilteknum einstaklingum þannig að lögreglu verði að öllum skilyrðum uppfylltum heimilað að hlera símtöl, og fá upplýsingar um símtöl, úr og í símanúmer sem þessi tiltekni einstaklingur er rétthafi að, á því tímabili sem heimildin tekur til.

Telji löggjafinn hins vegar nauðsynlegt að lögreglu verði veitt heimild til að hefja hlerun án atbeina dómara bendir ráðið á að setja þurfi traustari ramma um þá heimild. Ráðið bendir á að þau ákvæði norskra og danskra réttarfarslaga, sem vísað er til í athugasemdum við frumvarpið, eru talsvert ítarlegri en það ákvæði sem lagt er til að verði lögfest hér á landi og setja umræddri heimild mun traustari ramma en lagt er til í frumvarpinu. Ráðið bendir í því sambandi sérstaklega á ákvæði um símhlerun í 787.-789. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Loks telur ráðið það óvenjulega leið að fá eftir á staðfestingu dómara á lögmæti rannsóknaraðgerða sem er lokið án þess að sá sem rannsóknaraðgerðin beindist að fái að koma að því máli. Ætla má að dómari þurfi við þessar aðstæður að fá upplýsingar um árangur af rannsóknaraðgerðum frá því að þær hófust, svo sem með endurriti af samtölum, en það gæti skapað lögreglu talsverða vinnu.

Ráðið telur að löngu sé orðið tímabært að ljúka þeirri heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála sem boðað hefur verið að sé í gangi. Eftir ýmsar breytingar á þessum lögum á síðustu árum má líkja þeim við stagbætta flík.

F.h. Dómstólaráðs

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA


Reykjavík 23. apríl 2004.

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/2190
komudagur 23.4.2004

Meðfylgjandi eru ályktun er samþykkt var á XXVI. þingi Landssambands lögreglumanna í Munaðarnesi dagana 13. - 16. apríl 2004.

Virðingarfyllt
f.h. Landssambands lögreglumanna


Stefanía Vigfúsdóttir
Skrifstofustjóri.



Munaðarnes 14. apríl 2004

Ályktun XXVI. þings LL

Lagabreytingar:

XXVI. þing LL lýsir ánægju sinni vegna frumvarps sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til breytinga á lögum nr. 19/1991 lögum um meðferð opinberra mála. Þá er sérstaklega gleðilegt að tillit skyldi hafa verið tekið til hugmynda lögreglumanna um vitnaleynd. Jafnframt styður þingið þær breytingar sem snúa að bættum rannsóknarúrræðum lögreglu enda nauðsynlegt að slík úrræði séu ávallt í takt við almenna þróun í þjóðfélaginu.

Alþingi
Erindi nr. P 130/2440
komudagur 30.4.2004



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 871 mál

Almennar athugasemdir

Með bréfi dags. 23. apríl s.l. sendi Allsherjarnefnd Alþingis Landssambandi lögreglumanna (LL) frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.

LL þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum að.

Á XXVI. þingi LL sem að haldið var um miðjan apríl 2004 samþykkti þingið að senda til dómsmálaráðuneytisins ályktun þar sem að lýst var yfir ánægju með vitnavernd og einnig kom þar fram að studdar væru breytingar sem snúa að bættum rannsóknarræðum lögreglu.

Vegna þessa lýsir LL yfir ánægju sinni með fram komið frumvarp og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst

Grétar Jónsson hdl.,
framkvæmdastjóri LL

Alþingi
Erindi nr. P/30/2255
komudagur 30. 4. 2004

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 1329 – 871. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Núgildandi lög um meðferð opinberra mála tóku gildi hinn 1. júlí 1992. Frá þeim tíma hafa verið gerðar nokkrar veigamiklar breytingar á lögnum, til að mynda varðandi skipan og heimildir ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og verjanda hans, réttarstöðu brotþola og tilkomu réttargæslumanns og síðast en ekki síst varðandi málsmeðferð fyrir Hæstarétti Íslands. Það er mat laganefndar LMFÍ að þrátt fyrir það að lögín um meðferð opinberra mála og síðari breytingar á þeim hafi falið í sér mikilsverðar réttarbætur og skilað aukinni skilvirkni opinberra mála, þá sé engu að síður tímabært nú að taka lögín til heildarendurskoðunar. Það er jafnframt mat laganefndarinnar að þau atriði sem ofangreint frumvarp tekur til séu atriði sem eðlilegra væri að skoða við heildarendurskoðun laganna og ekki verður séð að brýna nauðsyn beri til þess að gera þessar breytingar nú.

Laganefnd LMFÍ telur það almennt séð ekki góða lagasetningarhætti að þrengja réttindi borgaranna frá því sem er á hverjum tíma, nema fyrir því liggi brýnar efnislegar ástæður og að þá sé jafnframt tryggt að ekki sé gengið lengra í því efni en nauðsyn beri til. Telur laganefnd LMFÍ að löggjafanum beri við þessar aðstæður að rökstyðja það með ítarlegum hætti í athugasemdum með lagafrumvörpum, hvers vegna lagðar eru til breytingar sem leiða til skerðingar á réttindum borgaranna, hvert sé markmið slikra breytinga og með hvaða hætti þeim markmiðum skuli náð. Löggjafanum beri jafnframt að færa rök fyrir því að þeim markmiðum sem að er stefnt megi ekki ná með öðrum og vægari hætti. Það er mat laganefndarinnar að þessu sé ekki nægilega vel sinnt í því frumvarpi sem hér er fjallað um.

Laganefnd LMFÍ gerir svohljóðandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr.

Með ákvæðinu er lögð til breyting á 1. mgr. 43. gr. laganna varðandi aðgang verjanda og um leið sakbornings að gögnum máls. Með 12. gr. laga nr. 36/1999 var þessu ákvæði breytt í það horf sem nú er og fól þessi breyting í sér mikla réttarbót fyrir sakborning og verjanda hans, samanborið við það sem tíðkast hafði fram til þess tíma. Með þeirri breytingu sem nú er lögð til er réttur sakbornings og verjanda þrengdur á ný að þessu leyti.

Sú breyting sem lögð er til með þessu ákvæði felur ekki aðeins í sér þrengingu frá núverandi réttarástandi, heldur felur hún jafnframt í sér frávik frá hinni ólögfestu jafnræðisreglu opinbers réttarfars, sem á sér stoð í mörgum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Laganefndin telur, með hliðsjón af framangreindu, að færa verði fyrir því

gild efnisleg rök ef breyta á núverandi fyrirkomulagi. Í athugasemdum með frumvarpinu eru engin rök færð fyrir því, hvers vegna þessi breyting er lögð til nú og því ekki forsendur fyrir laganeftndina til að meta það hvort þau séu gild eða ekki. Þegar af þeirri ástæðu getur laganeftnd LMFÍ ekki mælt með samþykkt þessarar greinar að svo komnu máli.

Það er jafnframt skoðun laganeftndarinnar að verði talin ástæða til að þrengja heimildir verjanda og sakbornings frá því sem nú er, þá sé mjög brýnt að ekki sé gengið lengra í því efni en nauðsyn krefur. Vísast í því sambandi til sjónarmiða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar um meðalhóf. Fær laganeftndin ekki séð að nauðsyn beri til að þrengja rétt sakbornings og verjanda jafn mikið og lagt er til, heldur megi ná sama árangri með aðgerðum sem ekki eru til þess fallnar að skerða réttindi þessara aðila með jafn afdrifariikum hætti og þær sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þannig mætti til dæmis mæla fyrir um það í lögum að verjandi mætti kynna sakborningi gögn máls, en ekki afhenda honum eða öðrum eintök af þeim. Eins kæmi til álita að lengja tímafresti, sem nefndir eru í 1. mgr. 43. gr. og b-lið 1. mgr. 74. gr. a., þannig að í undantekningartilvikum mætti halda gögnum lengur frá verjanda en nú er, þótt ekki verði gengið jafn langt og lagt er til í frumvarpinu. Þá er brýnt að mati laganeftndarinnar að heimildum lögreglu til að takmarka aðgang verjanda og sakbornings verði beitt af varfærni og einungis í undantekningartilvikum.

2. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til breyting á 59. gr. laganna á þann hátt að opnað er fyrir það að vitni, sem kemur fyrir dóm í opinberu máli, verði ekki gert skylt að greina frá nafni sínu og öðru er varðar persónu þess í heyranda hljóði, að því gefnu að það spilli ekki fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti. Jafnframt er heimilað að víkja sakborningi úr réttarhaldi á meðan vitni, sem ekki þarf að gefa upplýsingar um nafn og önnur persónuauðkenni, gefur skýrslu fyrir dómi ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni að raun um persónuauðkenni þess. Af athugasemdum með frumvarpinu má ráða að þessu ákvæði er einkum ætlað að ná til þeirra lögreglumanna sem njóta nafnleyndar við rannsókn máls. Orðalag ákvæðisins felur það þó ekki í sér að ákvæðið sé einskorðað við lögreglumenn, heldur kann það eftir atvikum að taka til annarra vitna.

Af þessu ákvæði leiðir, verði það að lögum, að upp kunna að koma upp þær aðstæður í opinberu máli, að ákærvaldið og dómari búi yfir tilteknum upplýsingum um ákveðið vitni, sem verjandi og sakborningur eiga ekki aðgang að. Ákvæðið leiðir til þess að á milli ákærvaldsins og dómars myndast tiltekið trúnaðarsamband að þessu leyti, sbr. orðalag greinarinnar *“Skal þá dómara greint bréflaga og í trúnaði frá nafni vitnis...”*. Laganeftnd LMFÍ telur það trúnaðarsamband samrýmast illa ákærureglu opinbers réttarfars, meginreglunni um jafnræði málsaðila og ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, um réttláta málsmeðferð.

Lögin um meðferð opinberra mála hafa til þessa byggt á þeirri grunnhugsun að fullkomið jafnræði eigi að ríkja á milli verjanda og eftir atvikum sakbornings annars vegar og ákærvaldsins hins vegar við meðferð mála fyrir dómi eftir að ákæra hefur verið gefin út. Er það í samræmi við áður nefnd ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrárinnar, sem byggja á þeirri hugsun að mál skuli rekið fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómara á jafnræðisgrunni. Heimilað hefur verið að skerða jafnræði aðila á rannsóknarstigi máls, með sérstökum og skýrt afmörkuðum ákvæðum í lögum, en eftir útgáfu

ákæru hefur sem fyrr segir ríkt fullt jafnræði með aðilum. Sú breyting sem hér er lögð til felur í sér frávik frá þessu, sem er grundvallarbreyting að mati laganefndar LMFÍ, frá því sem nú er.

Það er grundvallarréttur sakbornings í opinberu máli, að hann fái að vera viðstaddur þinghöld í því máli sem hið opinbera hefur höfðað gegn honum. Þessi réttur hans er meðal annars varinn af áður nefndum ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrárinnar, svo og af ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994. Þessi réttur sakbornings hefur sætt takmörkunum, einkum með tilliti til hagsmuna brotþola, sbr. núgildandi 6. og 7. mgr. 59. gr. laganna. Hæstiréttur Íslands hefur talið heimilt að takmarka þessi grundvallarréttindi sakbornings við tiltekna og skýrt afmarkaðar undantekningaráðstæður, sbr. til að mynda dóm Hæstaréttar frá 12. nóvember 1997, í málinu nr. 451/1997 (hrd. 1997:3231). Með þeirri breytingu sem nú er lögð til eru þessar takmarkanir rýmkaðar enn frekar, einkum með tilliti til hagsmuna lögreglumanna.

Reynt hefur á reglur um nafnlaus vitni fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Má þar til að mynda nefna mál Kostovski gegn Hollandi (1989) og Van Mechelen og fleiri gegn Hollandi (1997). Í báðum þessum málum varð það niðurstaða Mannréttindadómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Af þessum dómum má draga þá ályktun að ef meta þarf framkomu og trúverðugleika vitnis fyrir dómi, þá geti viðkomandi vitni ekki haldið nafni sínu og öðrum persónuauðkennum leyndum, því ella væri um brot á framangreindum lagareglum að ræða. Þá taldi Mannréttindadómstóllinn að síður væri ástæða til að veita lögreglumönnum sérstaka vernd en almennum borgurum og benti á að lögreglumenn eru ekki óháð vitni, heldur eru þeir hluti af framkvæmdavaldinu og nátengdir ákærvaldinu.

Af framangreindum dómum verður jafnframt ráðið að gera verður ríkar kröfur til sönnunar um þá ógn sem að vitninu stafar greini það frá nafni sínu og öðrum persónuauðkennum. Ekki er nægilegt í því sambandi að vitna til eðlis þess brots sem viðkomandi sakborningur er grunaður um að hafa framið, eins og gert er í athugasemdum með því frumvarpi sem hér er fjallað um, heldur verður að vera um raunverulega ógn að ræða, ógn sem viðkomandi sakborningur er fær um að hrinda í framkvæmd, beint eða óbeint.

Það er mat laganefndar LMFÍ, með hliðsjón af framangreindu, að brýn efnisleg rök verði að liggja til grundvallar því að víkja frá þeirri fortakslausu meginreglu, sem hingað til hefur ríkt hér á landi, um að fullt jafnræði skuli vera á milli aðila við meðferð sakamáls fyrir dómi, þ.e. eftir útgáfu ákæru. Hið sama á við um frekari takmarkanir á rétti sakbornings til að vera viðstaddur þinghöld í máli. Laganefndin fær ekki séð að þau rök hafi verið færð fram sem réttlætt geti þá breytingu sem lögð er til og getur þar af leiðandi ekki fallist á hana, í það minnsta ekki að svo komnu máli. Hefur laganefndin þá ekki hvað síst í huga, að samfélagið á Íslandi er svo lítið að ákvæði um vitnavernd lögreglumanna munu hvort sem er varla ná tilgangi sínum og þýðing slíkra ákvæða er af þeim sökum afar lítil í reynd, ef mið er tekið af hagsmunum lögreglumanna sjálfra.

3. gr.

Ákvæði a-liðar felur það í sér að opnað er fyrir það í lögum með almennum hætti, að rannsóknari geti tekið yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Laganefnd LMFÍ fagnar því að unnt verði almennt séð að taka yfirheyrslur upp með þeim hætti sem lýst er í greininni og telur slíkt til mikilla bóta fyrir rannsókn og meðferð opin-

berra mála, ekki aðeins út frá hagsmunum ákærvaldsins heldur ekki síður út frá hagsmunum sakbornings. Hefur það sýnt sig erlendis að upptökur af yfirheyrslum á rannsóknarstigi máls hafa oft á tíðum reynst þýðingarmikil gögn síðar meir, til að mynda í tilvikum þar sem leiddar hafa verið líkur að því að sakborningur hafi játað á sig brot sem hann hefur ekki framið.

Laganefnd LMFÍ telur rétt að reglur laga um meðferð opinberra mála um upptöku yfirheyrslna verði hafðar itarlegri en hér er lagt til, frekar en að fela ráðherra að setja frekari reglur í reglugerð. Telur laganefndin það almennt séð betri lagasetningarhætti. Má í þessu sambandi nefna ákvæði um framkvæmd upptöku, framlagningu og geymslu hljóðbanda, myndbanda og mynddiska, aðgang verjanda, sakbornings og réttargæslumanns brotþola að slíkum gögnum og eftir atvikum annarra mögulega eyðingu upptöku o.s.frv.

Ákvæði b-liðar tengist efni 2. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda laganefndarinnar um þá grein.

4. gr.

Greinin tengist 1. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda laganefndarinnar um þá grein.

5. gr.

Laganefnd LMFÍ gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins, enda er með henni verið að breyta gildandi lögum til samræmis við fordæmi Hæstaréttar Íslands, sem sum hver eru nefnd í athugasemdum með frumvarpinu.

6. gr.

Með greininni er lagt til að handhafi ákærvalds geti í undantekningartilvikum tekið ákvörðun um símhlerun og skyldar aðgerðir, en bera skal hann ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólahrings frá því að ákvörðunin var tekin. Komist dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð ber honum að tilkynna dómsmálaráðherra um það.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er varin af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, og 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er lagt bann við tilteknum skerðingum á friðhelgi einkalífs, nema að gengnum dómsúrskurði eða samkvæmt sérstakri lagaheimild, þar með talið rannsókn á símtölum og öðrum fjarskiptum. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Heimildir laga um meðferð opinberra mála til símhlerunar og skyldra aðgerða fela í sér takmörkun á þeim grundvallarrétti manns sem að framan var nefndur, þ.e. rétti hans til friðhelgis einkalífs. Jafnframt verður að hafa í huga, að sá sem símhlerun beinist að telst saklaus uns sekt hans er sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af þeim sökum ber að beita þessum heimildum með mikilli varfærni.

Til að tryggja það að heimildir til símhlerana og skyldra aðgerða séu ekki ofnotaðar er sú krafa gerð í 1. mgr. 87. gr. laganna, sbr. 25. gr. laga nr. 36/1999, að til slíkra aðgerða þurfi dómsúrskurð, nema því aðeins að samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda

síma eða fjarskiptatækis liggi fyrir. Það er mat laganefndar LMFÍ að til þess að víkja frá þeim skilyrðum, þá þurfi til að koma brýn efnisleg rök og jafnframt verði að vera víst að ekki megi ná sama árangri með öðrum og vægari úrræðum.

Í athugasemdum með þessari grein frumvarpsins eru þau rök færð fyrir þeirri breytingu sem lögð er til, annars vegar að reynsla undanfarinna ára og ný tækni í fjarskiptum með sínum án beintenginga hafi leitt til fleiri símhlustana en áður og hins vegar þá hafi tíð skipti á sínum og númerum hjá þeim sem sæta hlustun orðið til þess að réttarspjöll hafi orðið.

Laganefnd LMFÍ getur ekki séð að reynsla undanfarinna ára og ný tækni í fjarskiptum réttlæti þá breytingu, sem hér er lögð til, enda er ekki rökstutt frekar í athugasemdunum, hvers vegna ekki megi biða dómsúrskurðar í þessum tilvikum. Fjölgun símhlerana getur heldur ekki réttlætt símhlerun án dómsúrskurðar að mati nefndarinnar. Eftir því sem best er vitað er með tiltölulega skömmum fyrirvara hægt að fá dómsúrskurð fyrir símhlerun eða skyldri aðgerð, ef efnisleg skilyrði eru á annað borð fyrir hendi. Laganefnd LMFÍ fær því ekki séð að brýn þörf sé til þess að víkja frá þeirri grundvallarreglu, sem að framan var lýst, eins og lagt er til með þessu ákvæði frumvarpsins. Laganefndin telur sömu-leiðis mjög varhugavert að fela ákærvaldinu mat á því, hvort bið eftir dómsúrskurði geti valdið sakarspjöllum eða ekki hverju sinni.

Laganefnd LMFÍ telur jafnframt að bregðast megi við þeim vandkvæðum, sem hlotist hafa af tíðum skiptum á sínum og símanúmerum hjá þeim sem sæta hlustun, með öðrum og vægari hætti heldur en lagt er til í frumvarpinu, svo sem með því að binda hlustunarheimild samkvæmt dómsúrskurði við persónuauðkenni þeirra, sem hlustun beinist að, þ.e. eigenda og/eða eiginlegra notenda síma eða annarra fjarskiptatækja, auk tiltekins númers eða númera. Með þeim hætti er áfram tryggt að dómari taki afstöðu til þess hverju sinni og þá fyrirfram, hvort ástæða sé til þess að skerða friðhelgi einkalífs tiltekins einstaklings, með því að fallast á kröfu um símhlerun eða skylda aðgerð, sbr. áður nefndar lagareglur. Með því er jafnframt gætt meðalhófs.

Með vísan til framanritaðs getur laganefnd LMFÍ ekki mælt með samþykkt þessarar greinar.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.



ES/vós

Reykjavík, 29. apríl 2004

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 23. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, 871. mál. Vegna hins skamma umsagnarfrests sem gefinn er í bréfinu verður hér stuðst við tillögur embættisins til réttarfarsnefndar frá 12. september 2000 þar sem m.a. er fjallað um nokkur efnisatriði frumvarpsins:

Varðandi 1.gr. frumvarpsins verður hér vísað til nefnds bréfs til réttarfarsnefndar þar sem segir svo um þessi atriði:

“1. og 2.mgr. 43.gr. og 1.mgr. b-liður 74.gr. a

Nauðsynlegt er að breyta þessum ákvæðum um afhendingu gagna til verjenda á rannsóknarstigi máls. Mælt er með því að með breytingunni verði horfið að aftur að framkvæmdinni eins og hún var fyrir gildistöku laga 36, 1999. Fram hefur komið mikil óánægja með þess nýju tilhögun bæði frá lögreglu og ákærvaldi annars vegar og lögmönnum hins vegar. Verður ekki séð að nokkur þörf hafi verið á jafn viðamiklum breytingum og hér er raunin. Þessi nýja tilhögun hefur gert lögreglu mjög erfitt fyrir við rannsóknir mála, sérstaklega við rannsóknir umfangsmikilla fíkniefnamála þar sem margir sakborningar koma við sögu. Mikill tími rannsóknaraðila hefur farið í það að varna því að verjendur fengju að kynna sér rannsóknargögn og hafa fjölmargir úrskurðir gengið í héraðsdómi Reykjavíkur og dómar í Hæstarétti vegna þessa. Í þessu sambandi er vísað til greinargerðar þessa embættis til dómsmálaráðherra frá 1. október 1999, en afstaða embættisins er óbreytt varðandi þessi atriði. Til viðbótar því sem þar kemur fram má benda á að nánast í öll þau skipti sem lögregla hefur farið fram á skýrslutöku fyrir dómi skv. b.lið 1.mgr. 74.gr. a og frest í því sambandi til afhendingar gagna, þá hefur það ekki verið vegna þess að yfirheyrsla í dómi væri nauðsynleg “til þess að upplýsa mál”. Skýrslutakan hefur verið nauðsynleg vegna þess að með því eina móti hefur verið hægt að fresta afhendingu gagna. Lagaákvæðið ber þess vott að löggjafinn hafi ekki þekkingu á því hvernig rannsóknir stærstu mála ganga fyrir sig. Hugsunin að baki ákvæðinu er ekki rökrétt og þrátt fyrir góðan vilja er ekki gerlegt að vinna skv. því í umfangsmestu málum. Ekki getur verið að fyrir löggjafanum hafi vakað að gera lögreglu svo erfitt fyrir við rannsókn hinna alvarlegustu mála að ekki tækist að upplýsa þau nema að hluta til og verður því að breyta ákvæðinu í ljósi reynslunnar.”

Segja má að framkvæmdin hafi orðið sú, að telji lögregla nauðsynlegt að fresta afhendingu gagna vegna rannsóknarhagsmuna óskar hún eftir skýrslutöku fyrir dómi af sakborningi og jafnframt fresti til að afhenda gögnin. Þessa leið verður að fara jafnvel þótt engin þörf sé á yfirheyrslu í dómi vegna rannsóknarinnar.

Mælt er með þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í 2. – 5.gr. frumvarpsins og tekið undir það sem segir í athugasemdum um greinarnar. Að því er varðar b-lið 3.gr. þykir ástæða til að hugað verði að því hvort ekki séu efni til þess að það sama gæti átt við um vitni sem gefur skýrslu fyrir lögreglu.

Varðandi 6.gr. frumvarpsins verður hér vísað til framangreinds bréfs embættisins til réttarfarsnefndar:

“86. og 87.gr.

Breyta þarf orðalagi að því er varðar notkun orðsins “yfirvöld” í a og b-lið í ljósi breyttrar skipunar símamála hér á landi. Borið hefur á því að forsvarsmenn símafyrirtækja telji sig ekki til yfirvalda og ákvæðið taki því ekki til þeirra.

Varðandi símahleranir er mjög mikilvægt að ákvæðið taki mið af hraðri tækniþróun í síma- og tölvubúnaði. Símahlerun hefur reynst lögreglu árangursrík aðferð við rannsókn umfangsmikilla og skipulagðra brota, sem oft tengjast fleiri en einu landi. Þeim sem koma að framningu slíkra brota er mjög mikilvægt að geta haft símasamband sín í milli. Vegna hættu á að lögregla hleri símtöl hafa brotamenn varann á í þessum efnum eins og kostur er og eru lögreglu kunnar ýmsar aðferðir brotamanna til að forðast hleranir lögreglu. Þessir brotamenn forðast notkun venjulegra heimilissíma og nota síma annarra, almenningssíma o.fl. Keyptir eru nýir GSM-símar og notaðir aðeins einu sinni og sífellt er breytt um símkort í GSM-símum. Notuð eru svokölluð “frelsiskort” og er þá notandinn hvergi skráður fyrir símanum. Í 1.mgr. 87.gr. er ekki gert ráð fyrir þessum möguleikum brotamanna og skv. ákvæðinu ber að taka fram í úrskurði “hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða”. Þetta skilyrði skerðir mjög möguleika lögreglu til að fylgjast með samtölum brotamanna miðað við nútíma tækni á þessi sviði. Ákvæðið verður að taka mið af þessu og leggja til grundvallar að verið sé að hlera símtöl tiltekins manns en ekki tiltekinn síma. Heimila verður að öll símtöl grunaðs manns séu hleruð án tillits til símanúmera eða símtækja. Heimilt verði að hlustuninni sé beint að ákveðnum manni og þeim sínum sem hann notar eða kann að nota. Jafnramt þyrfti að heimila að fylgst sé með öðrum rafrænum samskiptum manns fyrir tilstuðlan símabúnaðar, þ.e. samskiptum manns á Netinu, en brotamenn eru í æ ríkari mæli farnir að nýta þann miðil til samskipta sín í milli til að komast hjá afskiptum lögreglu.”


saksóknari

Til
Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 130/2313

Mannréttindaskrifstofa Íslands komudagur 5.5.2004

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 -

Slóðir: www.mannrettindi.is og www.humanrights.is

Netfang: icehr@humanrights.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Hinn 26. apríl sl. barst Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) bréf Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, 871 mál. Umsögninni skyldi skilað þrem dögum síðar. Ljóst má vera, að það er allt of skammur tími til að vinna umsögn, þegar sinna þarf öðrum aðkallandi verkefnum. Engu að síður telur undirrituð brýnt að afstaða MRSÍ til þessa frumvarps komi fram og sendir því inn meðfylgjandi umsögn enda þótt ástæða hefði verið til að vinna málið betur.

Virðingarfyllst,

Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.
Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P /30/2312
komudagur 5.5.2004

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 -


Slóðir: www.mannrettindi.is og www.humanrights.is

Netfang: icehr@humanrights.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Hinn 26. apríl sl. barst Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) bréf Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, 871 mál. Umsögninni skyldi skilað þrem dögum síðar. Ljóst má vera, að það er allt of skammur tími til að vinna umsögn, þegar sinna þarf öðrum aðkallandi verkefnum. Engu að síður telur undirrituð brýnt að afstaða MRSÍ til þessa frumvarps komi fram og sendir því inn meðfylgjandi umsögn enda þótt ástæða hefði verið til að vinna málið betur.

Virðingarfyllst,



Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.
Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 –

Slóðir: www.mannrettindi.is og www.humanrights.is

Netfang: icehr@humanrights.is

U M S Ö G N

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTING Á LÖGUM UM MEÐFERÐ OPINBERRA MÁLA, NR. 19/1991.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (hér eftir MRSÍ) hefur farið yfir ofangreint frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr.19/1991 (hér eftir OPL) með hliðsjón af mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (hér eftir MSE) og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnámáleg réttindi (hér eftir ABS), sem fullgiltur var af Íslands hálfu hinn 22. ágúst 1979.

MRSÍ telur ákvæði 3. gr. frumvarpsins (breyt. á 1. mgr. 72. gr. OPL) um heimild til að taka skýrslur upp á hljóðband, myndband eða mynddisk gott skref til að tryggja bæði rannsóknaraðilum og sakborningum að unnt sé að staðfesta þannig það sem fram kemur við yfirheyrslur. Tillagðar breytingar á greinum OPL nr. 43 og 59 telur MRSÍ hinsvegar skref aftur á bak, að því er varðar réttaröryggi sakaðra manna og afskaplega vafasama hina opnu símahlerunarheimild, sem fyrirhugað er að setja í 87. grein laganna - enda er þar um að ræða verulega skerðingu á persónufrelsi. Verði það ákvæði samþykkt er brýnt að mati MRSÍ að gera sérstakar ráðstafanir gegn því að heimildin verði misnotuð.

Þá getur MRSÍ ekki látið hjá líða að lýsa furðu sinni á því hversu takmarkaðan rökstuðning er að finna í greinargerðinni með frumvarpinu fyrir svo alvarlegum skerðingum réttinda sem þar eru lagðar til.

Hér á eftir verður farið yfir greinar frumvarpsins og gerðar við þær stuttar athugasemdir, hverja fyrir sig.

1. gr.

Aðgangur verjanda að endurritum rannsóknarskjala er meðal þeirra atriða, sem fræðimenn telja brýnan þátt í því sem kallast “fair trial “ eða réttlát málsmeðferð, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994 - svo og 14. gr. ABS. Með lögum nr. 36/1999 var sett sú regla, að lögreglan gæti haldið gögnum frá verjendum í eina viku frá því þau urðu til eða komust í vörslur hennar – og þann frest gat dómari lengt í þrjár vikur - en samkvæmt frumvarpinu

eru þessi tímamörk afnumin; þar segir ekkert um hversu lengi lögregla geti haldið gögnum frá verjanda. Verður þetta að teljast óviðunandi skerðing á möguleikum verjanda til að undirbúa málsvörn og á jafnræði málsaðila fyrir dómstólum sem er ein af meginreglum sakamálaréttarfars skv. skýringum fræðimanna á 6. gr. MSE. Jafnvel þótt í ákvæðinu sé áskilið, að unnt sé að bera synjun lögreglu undir dómara er ljóst, að það ber í sér hættu á óeðlilegum tögum á störfum verjanda - sem hlýtur að teljast skerðing á rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar.

Skv. b – lið 3. mgr. 6. gr. MSE á sakborningur rétt á því að fá nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína og er litið svo á, skv. niðurstöðum í ýmsum málum hjá Mannréttindadómstólum í Strassborg, að í því felist, að sakborningur – eða að minnsta kosti verjandi hans – eigi rétt á því að fá – eftir að ákæra hefur verið birt – aðgang að öllum gögnum sem fram koma við rannsókn málsins. Sé gögnum haldið fyrir verjanda er hann sviptur “aðstöðu” til að undirbúa vörn sakborningsins sem skyldi. Hann á ekki að þurfa að sækja þennan rétt til gagnanna til dómara hverju sinni. MRSÍ mótmælir því þessu ákvæði.

2. gr.

MRSÍ telur að vissu leyti skiljanleg þau sjónarmið, sem búa að baki þeim breytingum sem lagðar eru til á 59. gr. OPL en telur engu að síður að þær bjóði heim misbrestum í málum sakaðra manna. Hefði að mati MRSÍ verið ástæða til frekari reifunar á röksemdum fyrir þeim í greinargerðinni. Þar kemur t.d. ekkert fram um tíðni eða alvarleika tilvika þar sem vitnum eða aðstandendum þeirra hefur verið ógnað; hvort þess séu staðreynd dæmi, að ætla hafi mátt að líf eða öryggi vitna og/eða aðstandenda þeirra hafi verið í hættu.

Það á að vera ein af grundvallarreglum réttarfars í opinberum málum, að sakborningar geti spurt vitni jafnt sem saksóknari. Í d – lið 3. mgr. 6. gr. MSE segir reyndar, að hver sá, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli fá að spyrja eða láta spyrja vitni, sem leidd eru gegn honum, sem er talið þýða, að sakborningur eigi etv ekki rétt á að spyrja vitni sjálfur heldur sjái verjandi hans um það; hinsvegar hafi hann heimild til að ráðgast við verjanda sinn um hvers spyrja skuli.

Mannréttindadómstóllinn í Strassbourg hefur lagt mikla áherslu á jafnræði í sakamálum og jafnar aðstæður til sóknar og varnar en þó talið, að í tilteknum tilvikum sé vitnavernd/vitnaleynd réttlæt看leg. Slíkar undantekningar verði þó að túlka þröngt og gera þá kröfu, að sakfelling verði ekki byggð á slíkum vitnisburði eingöngu.

Því er meginreglan afdráttarlaust sú, að sakborningur geti fylgst með vitnaleiðslum og á ekki að víkja frá henni nema í brýnum tilvikum. Því jafnvel þótt verjandi fái að vera spyrja vitni, sem nýtur leyndar, kemur það ekki í sama stað niður, þar sem sakborningur sjálfur gæti séð ástæðu til að “spyrja eða láta spyrja” vitnið einhvers sem skiptir máli en verjanda kemur ekki í hug.

3. gr.

MRSÍ fagnar þessu ákvæði sem fyrr segir og telur það skref í átt til framfara. Hinsvegar þarf að búa svo um hnútana að ekki sé unnt að breyta þessum sönnunargögnum (t.d. “editera” með klippingum). Taka ber fram - vegna þess sem

áður sagði um greinargerðina með frumvarpinu - að sá hluti hennar, sem fjallar um 3. grein þess er vel ásættanlegur.

4. gr.

Með vísan til umsagnar um 1. gr. fellst MRSÍ ekki á þetta ákvæði.

5. gr.

Engar athugasemdir út af fyrir sig, sjá þó aths. við 6. gr. frv.

6. gr.

MRSÍ telur, að hér sé farið út á afar hættulega braut og gengið býsna langt í að skerða persónufrelsi manna, sem kveðið er á um í 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Hinsvegar er skiljanlegt – með hliðsjón af breyttri símatækni og símvenjum – að þörf kunní að vera á slíku úrræði við rannsókn mála.


Því miður er það svo, að símahlerunum hefur víða verið misbeitt þar sem heimild á borð við þessa er fyrir hendi og er engin ástæða til að útiloka að hætta geti verið á því hér á landi sem annarsstaðar. Sú spurning hlýtur því að vakna með hverjum hætti helst mætti koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun.

Persónuvernd hefur þegar lagt fram tillögu í þeim efnum, sem hefur þó ekki fengið undirtektir þar sem sú tilhögun, sem þar er lögð til, gæti tafið rannsókn. Enda þótt segja megi, að það sé ekki hlutverk MRSÍ að gera tillögur um efni laga, skal sú hugmynd sett hér fram, hvort skylda mætti viðkomandi síma - eða fjarskiptafyrirtæki til að tilkynna allar símahleranir til Persónuverndar, sem sæi síðan um að tilkynna viðkomandi aðilum eftir á hvaða simar hafi verið hleraðir. Þannig yrði tryggt, að hlutlaus aðili hefði með höndum eftirlitshlutverkið fremur en dómsmálaráðuneytið sem er svo tengt lögregluvaldinu.

Í viðtali við Hörð Jóhannesson, yfirlögregluþjón, hefur komið fram, að hann telji að heimild ákvæðisins yrði eingöngu beitt gegn aðilum, sem þegar hefðu sætt símahlerunum skv. heimild dómara, en skiptu um síma eftir hentugleikum til að forðast hlerun enda – eins og segir í greinargerðinni með þessu ákvæði – kveður úrskurður um símahlustun á um samtal við tiltekið simanúmer eða tiltekið fjarskiptatæki en ekki símtöl ákveðins aðila í ótilteknum sínum. Sé þessi tilgangur ákvæðisins væri etv réttara að breyta þessu ákvæði í þá veru fremur en að setja svo víðtæka heimild sem hér er gert.

Reykjavík 4. maí 2004.

F.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands



Margrét Heinreksdóttir.

Alþingi
Erindi nr. P/130/2240
komudagur. 29. 4. 2004



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 28. apríl 2004
Tilvísun: 2004040258 SJ/--

Alþingi
Allsherjarnefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd hefur borist beiðni Allsherjarnefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, 871. mál.

Persónuvernd hefur kynnt sér efni umrædds frumvarps og gerir engar athugasemdir við önnur ákvæði en 6. gr. þar sem lagt er til að á eftir 2. mgr. 87. gr. oml. komi ný málsgrein þar sem gert er ráð fyrir að sé brýn hætta á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum geti handhafi ákærvalds ákveðið að aðgerðir skv. 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skuli þó bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin.

Persónuvernd minnir á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er vernduð af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Má ekki gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, *símtölum og öðrum fjarskiptum*, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þá er í 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans mælt fyrir um að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, sbr. að í 2. mgr. er hnykkð á því að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í samræmi við framangreint hafa heimildir til símhlerana samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála verið háðar undanfarandi dómsúrskurði nema sá sem í hlut hafi átt hafi gefið samþykki sitt.

6. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir mikilli skerðingu á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu þar sem þar er gert ráð fyrir að löggæsluyfirvöld geti t.d. fengið hljóðritanir í hendur án þess að til þess standi úrskurður dómara. Áður en slíkt ákvæði er lögfest þarf að meta til hlítar hvort raunverulega sé þörf á slíkri réttindaskerðingu. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að íslenska dómskerfið er eitt það skilvirkasta í heimi. Færa verður því brýn rök


þeim breytingum sem lagðar eru til.

Verði það hins vegar mat þingmanna að þörf sé á lagabreytingu telur Persónuvernd nauðsynlegt að kanna hvort ekki megi ná þeim markmiðum sem að er stefnt með annarri og vægari aðferð. Eftir lauslega athugun á þessu telur Persónuvernd að kanna þurfi hvort t.d. mætti orða ákvæðið eitthvað á þessa leið:

"Ef brýn hættu er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum getur handhafi ákærvalds ákveðið að aðgerðir skv. a, b og c lið 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. Því símaeða fjarskiptafyrirtæki sem framkvæmt hefur slíka aðgerð í samræmi við ákvörðun handhafa ákærvalds er þó óheimilt að afhenda umrædd gögn fyrir en úrskurður dómara liggur fyrir. Ef dómari kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja umrædda aðgerð skal fyrirtækið eyða gögnunum. Sama á við um gögn sem fyrirtækið hefur safnað ef handhafi ákærvalds framvisar ekki, innan 5 daga, dómsúrskurði sem heimilar honum móttöku gagnanna."

Framangreind tillaga er í samræmi við almenn sjónarmið um meðalhóf, þ.e að aldrei skuli ganga lengra en þörf krefur til að ná settu marki. Hún tryggir bæði að hindra megi tjón á rannsóknarhagsmunum og sakarspjöll, s.s. ef rannsóknartækifæri glatast, en tryggir einstaklingum jafnframt áfram sambærileg réttindi og þeir hafa notið samkvæmt umræddum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

Virðingarfyllst


Sigrún Jóhannesdóttir



Alþingi - Allsherjarnefnd
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2004040062

211

29. apríl 2004

Málefni: Meðferð opinberra mála, 871. mál.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl 2004, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 871. mál.

Frumvarp þetta fjallar um ýmis atriði viðkomandi meðferð opinberra mála. Hluti breytinga sem lagðar eru til snerta fjarskipti og lýtur umsögn stofnunarinnar einvörðungu að þeim atriðum og er byggð á réttarheimildum fjarskiptaréttar.

Í 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 86. gr. laga nr. 19/1991, þannig að í stað þess að heimilt sé að leggja fyrir yfirvöld að leyfa hlerun, eða annað tiltekið eftirlit með fjarskiptanotkun, þá beinist slík tilmæli að fyrirtækjum. Breytingar þessar eru þarfar, þar sem fjarskiptarekstur er nú í höndum fjarskiptafyrirtækja, en ekki yfirvalda. Þó svo að Hæstiréttur hafi talið ákvæðið ná til fyrirtækja, þrátt fyrir orðalagið, þá eru þessar breytingar til þess fallnar að taka af allan vafa um þýðingu ákvæðisins. Ekki virðist þó þörf á að tiltaka símafyrirtæki sérstaklega þar sem hugtakið "fjarskiptafyrirtæki" nær, samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003, yfir símafyrirtæki jafnt og fyrirtæki í öðrum fjarskiptarekstri.

Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 87. gr. að í ákveðnum tilvikum geti hlerun og aðrar aðgerðir skv. 86. gr. hafist án þess að dómsúrskurður liggi fyrir og að úrskurðar sé leitað eftir á. Í lögum um fjarskipti er að finna ákvæði um hleranir. Í 3. mgr. 47. gr. segir: *Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.* Ákvæðið gerir ráð fyrir að sérstakar reglur gildi um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti og er ekki loku fyrir það skotið að þær geti verið frábrugðnar meginreglunni í 1. málslíð.


Tilskipun 2002/58/EB um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta hefur verið tekin inn viðauka EES-samningsins og ber því að skoða hvort frumvarpið samrýmist ákvæðum hennar. Meginregla þeirrar tilskipunar er að leynd og/eða trúnaður á að ríkja um fjarskiptanotkun og innihald fjarskipta (sjá greinar 5, 6, 8 og 9). Í 15. gr. er hins vegar heimilað að setja lagareglur sem fela í sér undantekningar ef þær teljast nauðsynlegar, viðeigandi og hæfilegar í lýðræðislegu samfélagi, til þess að tryggja þjóðaröryggi, landvarnir, almannaöryggi og til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og ákæra fyrir lögbrot. Ekki er mælt nánar fyrir um hvernig skuli haga þessum undantekningarreglum. Aðildarríki hafa því



nokkuð svigrúm til þess að ákveða hvaða ráðstafanir þau heimila í þessum efnum, innan þeirra almennu marka sem sett eru í 15. gr.

Út frá því sjónarmiði að meginregla fyrrnefndrar tilskipunar sem og meginreglur íslenskra fjarskiptalaga eru á þann veg að leynd og trúnaður skuli ríkja um fjarskipti þykir Póst- og fjarskiptastofnun eðlilegt að kveðið verði á um að settar verði reglur um skráningu og meðferð dómsmálaráðuneytis á málum þar sem dómari kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv. 86. gr. Skýrar reglur um afdrif slíkra mála og um markvisst eftirlit með notkun hlerana myndu auka gagnsæi og viðhalda trausti almennings á notkun fjarskiptaþjónustu. Slíkar reglur ættu að lágmarki að kveða á um birtingu upplýsingar um hve oft dómari hafnar því að staðfesta hlerunarheimild. Póst- og fjarskiptastofnun leggur því til að við 6. gr. frumvarpsins verði bætt eftirfarandi setningu: *Dómsmálaráðherra setur reglugerð um skráningu, meðferð og birtingu upplýsinga um aðgerðir samkvæmt þessari grein og um eftirlit með slíkum aðgerðum.*

Virðingarfyllt,


Sigurjón Ingvason
forstöðumaður lögfræðideildar

Réttarfarsnefnd

Alþingi
Erindi nr. P 130/2226
komudagur 28.4.2004

Reykjavík, 27. apríl 2004.

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Með bréfi yðar 23. apríl sl. var leitað umsagnar réttarfarsnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum, 871. mál. Nefndin hefur kynnt sér efni frumvarpsins og fer hér á eftir umsögn hennar um einstakar greinar þess.

Um 1. og 4. gr. frumvarpsins.

Þáttur í réttlátri málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er að sakborningur og verjandi hans fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn í opinberu máli, en sérstaklega er mælt fyrir um þennan rétt sakaðs manns í b. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt þessu hefur verið talið að verjandi geti ekki haldið uppi vörnum fyrir skjólstæðing sinn í opinberu máli nema hann fái aðgang að gögnum málsins svo fljótt sem kostur er, svo að hann geti brugðist við því, sem þau hafa að geyma, á viðeigandi hátt og það fyrr en síðar. Með tilliti til almannahagsmuna hefur jafnframt verið litið svo á að við tiltekna aðstæður geti verið óhjákvæmilegt, til að spilla ekki fyrir rannsókn máls, að efni skjala og annarra málsgagna sé haldið leyndu fyrir sakborningi, ekki síst á frumstigi rannsóknar.

Upphaflega var kveðið á um það í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 að verjandi mætti ekki láta sakborningi í té eintak af endurriti skjals eða kynna honum efni þess nema með samþykki dómara eða lögreglu. Þessi takmörkun á frelsi verjanda til samskipta við skjólstæðing sinn sætti harðri gagnrýni, ekki síst frá lögmönnum, með þeim rökum að það samrýmist ekki hlutverki verjenda að halda einhverju leyndu fyrir þeim, sem þeir halda uppi vörnum fyrir. Leiddi þetta til þess að 1. og 2. mgr. 43. gr. var breytt í núverandi horf með 12. gr. laga nr. 36/1999.

Ef 1. mgr. 43. gr. laganna yrði breytt á þann veg, sem 1. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, er það álit réttarfarsnefndar að of langt yrði gengið í þá átt að skerða þau réttindi verjanda og þar með skjólstæðings hans, sem vísað er til hér að framan, enda væri með því móti gengið mun lengra í skerðingarátt en gert var þegar lög nr. 19/1991 tóku upphaflega gildi árið 1992. Eru ekki færð nægilega ítarleg rök fyrir þessari veigamiklu breytingu í athugasemdum, sem fylgja frumvarpinu.

Það er skoðun réttarfarsnefndar að ekki hafi komið í ljós að sú tilhögun, sem var tekin upp með lögum nr. 36/1999 og rökstudd í athugasemdum, sem fylgdu því frumvarpi, sbr. Alþt. 1998-99A, þskj. 482, hafi ekki þjónað þeim tilgangi sem stefnt var að. Nefndin er því þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að hrófla við 2. málsli. 1. mgr. 43. gr. eða 2. málsli. b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. í nógildandi lögum.

Verði á hinn bóginn talin ástæða til að gera breytingar í þá átt, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu, vill nefndin leggja til að þær verði gerðar á þann hátt að frestur

samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 43. gr. laganna verði lengdur úr einni viku í þrjár vikur. Þá verði eftirgreindum tveimur máslíðum verði bætt við 1. mgr. 43. gr. laganna: „Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.“ Með þessu móti er unnt að koma í veg fyrir að verjandi og þar með sakborningur, sbr. 2. mgr. 43. gr., fái í hendur endurrit af einstökum skjölum, til dæmis skýrslum sem teknar hafa verið af sakborningi eða vitnum, ef það kynni að skaða rannsókn máls að mati lögreglu. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hve skaðlegt það getur verið að slík skjöl séu birt opinberlega og komi þannig fyrir almennings sjónir meðan á rannsókn máls stendur. Þessi takmörkun á rétti verjanda ætti fyrst og fremst við á frumstigi rannsóknar, en gæti þó í undantekningartilvikum staðið þar til rannsókn er endanlega lokið og ákæra hefur verið gefin út. Þótt verjandi fengi ekki afhent endurrit af skjölum ætti hann þess kost að kynna sér efni þeirra á grundvelli 1. másl. 1. mgr. 43. gr., þ.e. að liðnum frestinum samkvæmt 2. másl. 1. mgr., sbr. b. lið 1. mgr. 74. gr. a., ef því úrræði yrði beitt. Í samræmi við umrædda breytingu væri og rétt að breyta lítillaga orðalagi 2. mgr. 43. gr. laganna, svo og að lengja eftir atvikum frest samkvæmt síðari másl. b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. úr þremur vikum í fimm.

Samkvæmt framansögðu myndu 1. og 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 orðast svo: „Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að **þrjár vikur** frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. **Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.** – Þegar verjandi hefur fengið **afhent endurrit af skjölum** máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum **það** með öðrum hætti.“ Þá myndi síðari másl. b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. verða svohljóðandi: „Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að **fimm** vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.“ (Breytingar eru feitletraðar.)

Um 2. gr. frumvarpsins.

Réttarfarsnefnd gerir ekki athugasemdir við þau nýmæli sem 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma. Einungis skal bent á þá staðreynd að erfitt kann að vera að halda nöfnum vitna leyndu í svo litlu samfélagi sem því íslenska. Þá er ástæða til að vekja athygli á því að hér er um að ræða frávik frá meginreglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu og andmælarétti sakbornings í því sambandi. Með hliðsjón af dómum, sem kveðnir hafa verið upp af Mannréttindadómstóli Evrópu, þar sem reynt hefur á gildi þess að halda nöfnum vitna leyndum fyrir sakborningi (og verjanda) gagnvart fyrirmælum 1. mgr. og d. liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, er ljóst að því aðeins er heimilt að halda nöfnum vitna leyndum að brýna nauðsyn beri til þess. Ennfremur verður ráðið af þessum dómum að framburður slíkra vitna hafi ekki eins ríkt sönnunargildi og vitnisburður þeirra, sem gefa skýrslu fyrir dómi, án þess að nöfnum þeirra sé haldið leyndum fyrir sakborningi og verjanda hans.

Um 3. gr. frumvarpsins.

Réttarfarsnefnd gerir ekki athugasemdir við þær breytingar á 72. gr. laga nr. 19/1991, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins. Nefndin lítur hins vegar svo á að breytingin á 1. mgr. 72. gr., sem er í raun sjálfsgöð, kalli á breytingar á öðrum ákvæðum laganna,

til dæmis 48. og 59. gr. þeirra. Þær breytingar mega þó að ósekju bíða þess að sett verði ný heildarlög um meðferð opinberra mála, en réttarfnarnefnd vinnur nú að gerð frumvarps til þeirra. Að því er varðar b. lið 3. gr. frumvarpsins má vísa til umsagnarinnar hér að framan um 2. gr. þess.

Um 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Með vísun til athugasemda með 5. gr. frumvarpsins telur réttarfnarnefnd að þær breytingar séu eðlilegar og tímabærar, sem þar er lagt til að gerðar verði á 86. gr. laga nr. 19/1991. Nefndin er á hinn bóginn mótfallin því ákvæði, sem gert er ráð fyrir að bætist við 87. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er mælt svo fyrir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs. Sömu reglu er að finna í 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar má gera rannsókn á símtölum og öðrum fjarskiptum samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þá er í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans mælt svo fyrir að stjórnvöld skuli ekki ganga á þann rétt, sem kveðið er á um í 1. mgr. þeirrar greinar, nema samkvæmt því, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla eða til þess að firra glundroða eða glæpum.

Það sem gerir símahlerun og aðrar þær aðgerðir, sem taldar eru upp í 86. gr. laga nr. 19/1991, sérstaklega varhugaverðar er að með þeim er skert friðhelgi manna og frelsi til athafna og tjáningar án þess að þeir, sem aðgerðirnar beinast að, viti af því. Í samræmi við ofangreind fyrirmæli stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu hefur af þeim sökum frá öndverðu verið mörkuð sú stefna í lögum um meðferð opinberra mála að lögreglu skuli að jafnaði því aðeins heimilt að grípa til umræddra aðgerða í þágu rannsóknar að dómari hafi áður kveðið upp úrskurð þess efnis. Mjög veigamikil rök þarf til þess, að álit réttarfnarnefndar, að vikið verði frá þessari meginreglu þegar um er að ræða símahlerun eða upptöku á símtali eða annars konar fjarskiptum. Þegar lög nr. 19/1991 tóku upphaflega gildi var í 1. mgr. 87. gr. þeirra kveðið á um að til aðgerða samkvæmt 86. gr. þyrfti úrskurð dómara nema umráðamaður og eiginlegur notandi síma eða fjarskiptataekis samþykkti þær. Með 25. gr. laga nr. 36/1999 var þessi undantekning þrengd og á hún nú aðeins við ef óskað er eftir að fá upplýsingar um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki samkvæmt b. lið 86. gr. laganna.

Í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins eru færð tvenns konar efnisrök fyrir þeirri breytingu, sem þar er gert ráð fyrir. Í fyrsta lagi að reynsla undanfarinna ára og ný tækni í fjarskiptum með sínum án beintenginga hafi leitt til fleiri símhlerana en áður. Í öðru lagi er það nefnt að tíð skipti á sínum og símanúmerum hjá þeim, sem sæta hlerun, hafi leitt til réttarspjalla. Það er álit réttarfnarnefndar að þessi rök geti ekki réttlætt það, ein og sér, að handhafa ákærvalds verði heimilað að veita lögreglu leyfi til þess að hlera síma eða taka upp símtöl eða önnur fjarskipti, án atbeina dómara, í allt að einn sólarhring. Það veitir lögreglu eðlilegt aðhald ef henni er gert skylt að leita úrskurðar dómara í hvert sinn, sem fyrirhugað er að grípa til aðgerðar af þessu tagi sem skerðir friðhelgi einkalífs með eins afgerandi hætti og að framan greinir. Í þessu sambandi verður að hafa það í huga að sá, sem aðgerðin beinist að, er saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð fyrir dómi samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Vegna þess að gripið er til aðgerðarinnar, án þess að hann viti af því, gefst honum

ekki kostur á að koma að andmælum sínum við henni, þótt tilkynna beri honum um hana þegar henni lýkur eða í síðasta lagi þegar rannsókn máls lýkur, sbr. 2. mgr. 88. gr. laga n. 19/1991.

Réttarfarsnefnd getur samsinnt því, sem fram kemur í athugasemdunum, að tíð skipti á sínum og símanúmerum hjá þeim, sem sæta símahlerun, geti leitt til réttarspjalla af þeirri ástæðu að samkvæmt a. lið 86. gr. laganna er einvörðungu unnt í dómsúrskurði að kveða á um hlustun eða upptöku á símtölum við tiltekinn síma, þ.e. símanúmer, eða tiltekið fjarskiptatæki. Úr þessum ágalla má hins vegar bæta með því að breyta ákvæðinu á þann veg að úrskurður geti, ef því er að skipta, heimilað hlustun eða upptöku á símtölum eða öðrum fjarskiptum við síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns, sem rannsókn beinist að. Í því tilviki þyrfti þá til dæmis ekki að greina tiltekið símanúmer í úrskurði, heldur væri nægilegt að nefna þann mann, sem um er ræða, þannig að lögregla fengi heimild til að hlusta á öll símtöl úr síma sem hann ætti eða hefði að öðru leyti sannanlega komist yfir. Á þann hátt má segja að því markmiði, sem einkum er stefnt að með 6. gr. frumvarpsins, verði náð með öðru og vægara móti en þar er gert ráð fyrir. Óþarft er að gera samsvarandi breytingu á b. lið 86. gr., þar sem lögreglu er heimilt að fá upplýsingar um símtöl eða fjarskipti, eftir að þau hafa átt sér stað. Samkvæmt þessu gerir réttarfarsnefnd það að tillögu sinni að a. og b. liðir 86. gr. laganna orðist svo: „a. að leggja fyrir **síma- eða fjarskiptafyrirtæki** að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl **eða önnur fjarskipti** við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki **eða að öðrum kosti síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns**, – b. að fá upplýsingar hjá **síma- eða fjarskiptafyrirtækjum** um símtöl **eða fjarskipti** við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki.“ (Breytingar eru feitletraðar.)

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 130/2256
komudagur 30.4.2004

Reykjavík 29. apríl 2004
Tilvisun: 2004040212
091.1

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála 871. mál.

Ríkislögreglustjóranum barst 26. apríl sl. til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19, 26. mars 1991, með síðari breytingum 871. mál.

Ríkislögreglustjórinn leggur ríka áherslu á að frumvarp þetta fái samþykki af eftirfarandi ástæðum.

Um. 1. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 43. gr. oml

Núverandi regla í 1. mgr. 43. gr. laganna hefur á síðustu árum bakað lögreglu og dómstólum umtalsverða vinnu sem engu eða litlu hefur skilað til réttaröryggis sakborninga. Gildandi ákvæði hafa neytt lögreglu til að óska eftir yfirheyrslum fyrir dómi til þess að framlengja frest til að afhenda gögn í allt að þrjár vikur. Um þetta vitna ótal margir dómar Hæstaréttar. Enginn vafi leikur á að yfirheyrslna þessara sem óskað er á grundvelli b. lið 74. gr. a oml. er í fæstum tilfellum óskað vegna þessa að lögregla telji þörf á að yfirheyra sakborning fyrir dómi. Vegna þessa ákvæðis hefur lögregla þurft að kaupa sér frest til að vinna rannsókn opinbers máls framgangs og varna skaða sem rannsókn flóknari og umfangsmeiri mála hefði ella orðið fyrir ef sakborningar hefðu fengið aðgang að gögnum á frumstigi rannsóknar innan einnar viku frestsins. Þessi skaði hefur orðið þrátt fyrir þessa heimild. Þessi staða er óþolandi fyrir dómstóla og lögreglu, og þjóna sakborningi ekki þar sem hún er til þess fallin að halda þeim sem vinna að rannsókn uppteknum við annað en rannsóknina s.s. fangaflutninga og yfirsetur yfir föngum fyrir dómi, í stað þess að þeir geti einbeitt kröftum sínum að rannsókn sakargifta. Hafa verður í huga að ein af grundvallar mannréttindum sakbornings er að um mál hans verði fjallað án óeðlilegs dráttar, sbr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Erfitt er að skilja hvaða hugsun er á bak við núgildandi reglu 1. mgr. 43. gr. oml. sbr. 11. gr. laga 36/1999, enda stangast hún á við lög í nágrannalöndunum og önnur ákvæði oml. Sem dæmi um ókosti núgildandi ákvæðis 1. mgr. 43. gr. oml. má nefna;

1. Grunuðum manni má halda í gæsluvarðhaldi og einangrun, sbr. 103. gr. og 108. gr. oml.. Hæstiréttur hefur felld dóma um slíkt oft í nokkrar vikur í stærri málum. Þetta er gert til þess meðal annars að sakborningar geti ekki samræmt framburð sinn, áður en lögreglu gefst færi á að yfirheyra þá, afla og bera undir þá sönnunargögn hvern og einn í einrúmi. Þrátt fyrir þetta gerir núgildandi 1. mgr. 43. gr. oml. ráð fyrir að ein vika dugi í öllum

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

tilfellum áður en sakborningi er rétt að kynna sér skýrslur annarra sakborninga og vitna. Með þessu er lagt að sakborningi að sitja í einangrun vegna þess að hann veit að hann fær framburð annarra afhentan á ákveðnum tíma. Heimild b. liðar 74. gr. oml. er ekki hugsuð sem meginregla heldur undantekning þegar þörf er talin á yfirheyrslu sakbornings en ekki til að halda gögnum umfram það sem þarf til að ljúka megi yfirheyrslunni.

2. Núgildandi 1. mgr. 43. gr. oml. gerir ráð einnar viku fresti. Með þessu er væntanlega viðurkennt að lögregla þurfi tíma til að rannsaka mál áður en sakborningar fái öll gögn í hendur. Þá má spyrja hvernig stendur á því að umrædd vika er talin hæfileg í öllum málum? Það er staðreynd að mál eru misjafnlega umfangsmikil t.d. eru mörg efnahagsbrot og fíkniefnabrot mjög umfangsmikil og tímafrek. Hvernig getur þá verið eðlilegt að miða þennan frest við eina fasta tímasetningu. Það er það ekki og dæmin hafa sýnt það svo engin vafi er á. Umfang mála getur hlaupið frá því að vera fáeinir blaðsíður og upp í að vera margar þúsundir blaðsíðna og í tíma að taka frá nokkrum dögum upp í ár í rannsókn. Svo einhver mælikvarði sé notaður. Það er því fráleitt eins og nú er að miða alla fresti við viku óháð umfangi máls.
3. Núgildandi regla gefur dómstólum ekkert svigrúm til að meta tímafresti. Í 75. gr., 79. gr. og 4. mgr. 108. gr. oml. er kveðið á um heimildir sakbornings til að leita til dómstóls og fá óvilhallt mat hans á rannsóknaraðgerðum lögreglu. Þar á meðal um hvort rétt sé að hann sæti einangrun í gæsluvarðhaldi. Núgildandi regla 1. mgr. 43. gr. oml. ákveður frestinn til að afhenda gögn en veitir dómurum ekki svigrúm til mats á þörfinni á lengri frest. Það hlýtur að vera eðlilegra að veita svigrúm sem tekur tillit til mismunandi umfangs mála og láta dómstól standa vörð um mannréttindi sakbornings. Dómstólum er treyst fyrir enn ríkari vernd mannréttinda sakbornings sem er hvort lögregla hafi gert rétt í að beita einangrun á gæsluvarðhaldstíma og hvort eignarrétti manna sé misboðið af lögreglu, sbr. 79. gr. og 4. mgr. 108. gr. oml.
4. Núgildandi regla 1. mgr. 43. gr. oml. hefur engan sinn líkan í löggjöf nágrannaríkja. Erfitt er að skilja að á Íslandi þurfi að setja lögreglu þrengri skorður og tryggja sakborningum meiri rétt en í nágrannalöndunum sem við berum okkur almennt við á flestum sviðum og teljum að tryggi og byggji á vernd mannréttinda og mannhelgi. Í þessu sambandi má ekki gleyma því að alþjóðavæðing glæpastarfsemi eykst sífellt ekki hvað síst þegar misjafnlega mikið skipulögð afbrotastarfsemi tengd ákveðnum þjóðarbrotum eða einstaklingum sem búsettir eru á Íslandi með tengsl við útlönd eykst sífellt. Svo ekki sé talað um hryðjuverkaógnina sem virðist bara færast okkur nær og ekki minnka. Af þessari ástæðu verður íslensk lögregla að geta unnið með lögregluyfirvöldum annarra ríkja. Núverandi ákvæði 1. mgr. 43. gr. oml. gerir lögreglu þetta erfitt þar sem erlend lögregla getur ekki sent gögn til íslenskrar í tengslum við samstarf um rannsóknir nema eiga það á hættu að skað rannsókn sína þar sem íslenska lögreglan býr við svo furðulegt lagaumhverfi, sem ólíkt því sem er í öðrum löndum, skyldar lögreglu til að afhenda öll gögn innan viku frests.
5. Helstu rökin fyrir núgildandi reglu 1. mgr. 43. gr. oml. var á sínum tíma að eldri útgáfa hennar skyldaði verjanda til að leyna gögnum sem lögregla hefði afhent honum fyrir sakborningi nema verjandi fengi leyfi hjá lögreglu til að kynna sakborningi þau. Þótti þessi regla vega að trúnaðarsambandi verjanda og sakbornings. Breytingartillaga 1. gr. frumvarpsins tekur á þessu og setur verjanda ekki í þá afkáralegu stöðu sem að framan greinir enda má verjandi afhenda sakborningi afrit af gögnum og kynna honum þau jafn skjótt og hann fær þau afhent, verði frumvarpið samþykkt.

Um. 2. gr. frumvarpsins og 59. gr. oml.

Ríkislögreglustjórinn tekur nú þátt í samstarfi lögregluyfirvalda á norðurlöndum um samræmingu löggjafar og samstarf um vitnavernd. Tilgangur þessa samstarfs og ástæða

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

vakningar sem hefur orðið meðal nágrannþjóðanna, sem og innan EUROPOL á sviði vitnaverndar er til komin vegna sífelld meira krefjandi aðstæðna sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Í nágrannalöndunum eru það rannsókn á starfsemi og brotum mótorhjólageringja sem hefur kallað á aukna vitnavernd einna helst. Mótorhjólageringi þessi hafa leitast við, og hugsanlega í einhverjum mæli tekist, að koma sér upp samstarfsaðilum hér á landi. Þessi veruleiki er því að verða sá sami á Íslandi og annarstaðar á norðurlöndum. Breytingatillögur við 59. gr. oml. eru í fullkomnu samræmi við þessa þróun og nauðsynleg í þessu skyni. Ríkislögreglustjórinn telur að réttindi sakbornings séu nægjanlega tryggð í ákvæðinu og að það megi treysta dómstólum til að skýra það í samræmi við fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu, Mannréttindasáttmála Evrópu og aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands um mannréttindavernd. Sambærileg löggjöf er í gildi í nágrannalöndum okkar. Það er reynslan í nágrannalöndunum að úrræði þessu sé beitt af varfærni og það komi helst að notum þegar persóna vitnis tengist máli lítið t.d. ef það hefur orðið vitni að einhverju fyrir algera tilviljun.

Enn fremur má benda á að þynging refsiramma vegna fíkniefnabrota úr 10 ára fangelsi í 12 ár, með breytingu á 173. gr. a almennra hegningarlaga sem gerð var árið 2001, sem og aukin harka í fíkniefnaheiminum sem virðist vera staðreynd eykur á þörfina á að vitni geti borið gegn slíkum afbrotamönnum án þess að eiga á hættu hefndarráðstafanir. Hætta á að vitni verði fyrir árásum eykst eftir því sem refsing við alvarlegri fíkniefnabrotum nálgast meira refsingar fyrir manndráp og alvarlegar líkamsmeiðingar. Það kann að koma upp sú staða að vitni sem getur leitt til sakfellingar á sakborningi til 12 ára fangelsis verði rutt úr vegi enda áhættan kannski ekki meiri en að viðkomandi hljóti 16 ára fangelsi ef upp kemst en sleppi annars við refsingu. Sem dæmi um breytingu á brotaumhverfi í kringum fíkniefnabrot má nefna nýlegt dæmi þar sem þrír menn tveir Íslendingar og einn Lithái sem stóðu að fíkniefnainnflutningi í samvinnu við mann frá Litháen vörpuðu líki hans í höfnina á Neskaupsstað eftir að hann lést af völdum þarmastíflu, í stað þess að koma honum undir læknishendur.

Með vísan til framangreinds fagnar Ríkislögreglustjórinn lagabreytingu þessari.

Um 3. gr. frumvarpsins og 72. oml

Um 1. mgr. 72. gr.

Þessi breyting er löngu tímabær og getur engum dulist að tækni nútímans gerir það krefjandi að lögregla geti beitt slíkum úrræðum sem öðrum. Skrifáðar skýrslur eru takmarkaðara form en hljóð- og myndupptökur þegar meta á trúverðugleika framburðar hjá lögreglu og verra sönnunargagn. Tekið er undir þörfina á að festa heimildina í lög til að eyða öllum vafa um heimild lögreglu í þessu efni. Benda má á að héraðsdómari hefur í dómum sínum gagnrýnt að ekki skuli hafa verið beitt hljóð og myndbandsupptökum við yfirheyrslur hjá lögreglu.

Um 2. mgr. 72. gr.

Vísað er til þess sem fram kemur hér að framan í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins og 59. gr. oml. enda eiga sömu sjónarmið um vernd starfsmanna lögreglu og vitna almennt.

Um 4. gr. frumvarpsins og 2. másl. 1. mgr. 74. gr. oml

Leiðir af sjálfu sér verði 1. gr. frumvarpsins að lögum.

Um 5. gr. frumvarpsins og 86. gr. oml


Eðlileg orðalagsbreyting og í samræmi við nefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 448/1998 Ríkislögreglustjórinn gegn Íslandia internet.

Um. 6. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 87. gr. oml

Hér er um sjálfsagða reglu að ræða sem er í samræmi við það sem gerist í löndunum sem við berum okkur saman við s.s. Danmörku og Noregi. Lögregla hefur nú heimild til að skerða frelsi sakaðra manna í sama tíma og getið er um í þessari grein án þess að leiða viðkomandi fyrir dómara. Frelsi manna er meðal dýrmætustu mannréttinda og erfitt að sjá hvers vegna tryggja þurfi leynd fjarskipta meiri vernd en því. Með breyttri símataækni með tilkomu farsíma og frelsiskorta þar sem hægt er að breyta um símtæki og númer á nokkrum mínútum án þess að viðkomandi sé skráður fyrir símanum, hefur opnað afbrotamönnum leiðir til að varast hlustanir lögreglu á sínum þeirra. Þetta er sérstaklega áberandi í þeim málaflokk þar sem helst reynir á hlustun síma, við rannsókn fíkniefnabrota. Af þessu leiðir að lögregla verður að geta hafið hlustun án fyrirvara á nýjum númerum og sínum ef koma á í veg fyrir sakarspjöll. Frumvarp þetta leggur lögreglu til tæki til að bregðast við þessu. Um er að ræða undantekningarreglu sem beitt verður af varfærni ef að líkum lætur, sbr. orðalag ákvæðisins "ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum".

Núverandi lagaumhverfi gerir það að verkum að kalla þarf út dómara um miðjar nætur til að úrskurða um hlustun þegar rannsókn krefst, sem ekki þarf ef lögregla ákveður að handtaka viðkomandi og vista hann í fangaklefa. Með frumvarpinu er verið að færa ákvæði um símhlerun nær því sem gerist um frelsissviftingu en gerir samt strangari kröfur þar sem einungis ákærvaldshafi getur ákveðið hlustun. Í öllum tilfellum fær ákvörðun ákærvaldshafa skoðun hjá dómi innan sólarhrings. Þessi heimild sætir því eftirliti og aðhaldi frá dómsstól eins og önnur störf lögreglu og er þar með tryggt að hætta á misnotkun heimildarinnar er lítil. Ríkislögreglustjórinn telur að skylda dómara til að tilkynna til dómsmálaráðuneytis ef ákærvaldshafi misfer með þetta vald sitt. Þessi málsmeðferð er til þess fallin að tryggja aðhald sem á að nægja til að þessari heimild verði beitt af varfærni og hófsemd. Engin vafi er á að endurtekin misnotkun ákærvaldshafa á heimild sinni mun geta leitt til starfsmannlegra viðurlaga s.s. áminningar eða lausnar frá störfum.

F.h. RLS



Helgi Magnús Gunnarsson lögl.fulltr.

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. 130/2266
komudagur 30.4.2004

BN/jhb

Reykjavík 29. apríl 2004.

B.508/2004.

Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, 871. mál.

Um 1. gr. frumvarpsins.

Ríkissaksóknari leggur til að 1. og 2. mgr. 43. gr. laga um meðferð opinberra mála, hér á eftir skammstöfuð oml., verði svohljóðandi:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Verjanda er óheimilt að láta sakborningi eða öðrum í té eintak af endurriti nema með samþykki lögreglu.

Vegna rannsóknarhagsmuna, öryggishagsmuna ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila getur lögregla, í undantekningartilvikum, neitað að veita verjanda aðgang að einstökum gögnum máls eða lagt fyrir verjanda að kynna sakborningi eða öðrum ekki efni þeirra.

Samkvæmt gildandi lagaákvæði og þeirri tillögu sem felst í frumvarpinu er ekki unnt að afstýra því að málgögn fari í hendur sakbornings eða jafnvel annarra. Í mörgum málum er fjallað um viðkvæm efni og oft er eðlilegt, einkum með tilliti til hagsmuna þriðja aðila, að endurrit af skýrslum eða öðrum gögnum máls komist ekki í hendur sakbornings eða annarra. Nefna má skýrslur í kynferðisbrotamálum sérstaklega í þessu sambandi.

Ríkissaksóknari telur brýnt að núgildandi ákvæðum 1. og 2. mgr. 43. gr. oml. verði breytt og fest í lög að verjanda sakbornings sé óheimilt að láta sakborningi eða öðrum í té endurrit af gögnum máls sem hann fær í hendur samkvæmt lagagreininni. Þess vegna er gerð framangreind tillaga um orðalag 1. mgr. 43. gr. oml.

Með því að verjandi sakbornings fær endurrit gagna í hendur og hefur heimild til að kynna sakborningi og ræða við hann um efni þeirra er fyllilega gætt hagsmuna sakborningsins.

Ríkissaksóknari telur að í sérstökum tilvikum verði að vera unnt að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls eða leggja fyrir hann að kynna sakborningi ekki það sem hann fær upplýsingar um frá lögreglunni. Af öðrum réttarfarsreglum mun leiða að slík synjun getur ekki staðið alla málsferðina ef beita á þeim gögnum sem um ræðir sem sönnunargögnum í málinu.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. að einungis í undantekningartilvikum sé unnt að neita verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls vegna rannsóknarhagsmuna, öryggis ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila eða leggja fyrir hann að kynna ekki efni gagna sem hann fær aðgang að. Synjun um aðgang að gögnum etc. getur verjandi borið undir dómara samkvæmt 75. gr. oml. og verður ekki séð að ástæða sé til að kveða sérstaklega á um þann möguleika í þessari lagagrein.

Um 2. gr. frumvarpsins.

Þessi ákvæði virðast vera þýðingarlítil nema sett verði í 43. gr. oml. heimild til að takmarka aðgang að gögnum í undantekningartilvikum vegna hagsmuna þriðja aðila.

Sérstaklega um b. lið. Með hliðsjón af meginreglum réttarfars verður að telja hæpið að unnt sé að leiða vitni fyrir dóm til vitnisburðar án þess að verjandi ákærða fái upplýsingar um hvert vitnið er.

Um 3. gr. frumvarpsins.

a. liður. Ríkissaksóknari mælir með efni ákvæðisins.

b. liður. Efast má um að unnt verði að leiða þann sem skýrslu gerir eða annast rannsóknaraðgerð í máli fyrir dóm til vitnisburðar um störf hans nema persónuupplýsingar verði veittar, sbr. umsögn um b. lið 2. gr.

Um 4. gr. frumvarpsins.

Engin athugasemd.

Um 5. gr. frumvarpsins.

Engin athugasemd.

Um 6. gr. frumvarpsins.

Ríkissaksóknari telur að ástæða sé til að endurskoða ákvæði oml. sem fjalla um símahlerun og skyld rannsóknarúrræði. Er í því sambandi vísað til tillagna nefndar dómsmálaráðherra í skýrslu frá 1999 um sérstakar rannsóknaraðgerðir lögreglu. Í skýrslu nefndarinnar voru m.a. settar fram all ítarlegar tillögur til breytinga á 86. gr. og 87. gr. oml.

Ekki verður séð að sú breyting sem felst í frumvarpsgreininni um heimild til hlerunar til bráðabirgða þegar brýn hætta er á sakarspjöllum ef bíða þarf dómsúrskurðar sé varhugaverð í sjálfu sér enda ber að leggja málið fyrir dómara innan sólarhrings. Hins vegar þykir, eins og áður segir, ástæða til að ákvæði 86. og 87. gr. oml. verði endurskoðuð í víðara samhengi.

Ríkissaksóknari gerir eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsgreinarinnar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til oml. sem urðu að lögum nr. 19/1991 var m.a. höfð hliðsjón af þeirri breytingu sem gerð var á réttarfarslögum Dana þegar dómsrannsóknir voru lagðar niður 1978. Í oml. hefur þannig verið farin danska leiðin, ef svo má segja, með því að fela lögreglunni ýmsar rannsóknarheimildir

og ákvarðanir en leggja þær ekki beinlínis í hendur ákærvaldsins, sbr. t.d. ákvæði 97. gr. laganna um handtöku. Í 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 93. er kveðið á um að „rannsóknari“ megi framkvæma tilteknar aðgerðir, sem venjulega þarfnast dómsúrskurðar, ef hætta er á að bið eftir dómsúrskurði geti valdið sakarspjöllum. Samkvæmt norskum réttarfarslögum ákveður ákærvaldið hins vegar handtöku og tekur ákvörðun um aðgerðir sem ekki má fresta vegna hættu á sakarspjöllum ef bíða þarf dómsúrskurðar.

Ríkissaksóknari telur rétt að samæmis verði gætt að þessu leyti í texta oml. og verði „lögreglu“ falin heimildin. Þetta hlýtur að teljast rökrétt þar eð lögreglan annast rannsókn sakamála, sbr. IX. kafla oml., en ákærvaldið getur hins vegar gefið fyrirhætti um framkvæmd rannsókna og veitt leiðbeiningar um framkvæmdina. Efnislega verður niðurstaðan í aðalatriðum hin sama hvort sem vísað er til lögreglunnar eða ákærvalds í lagatextanum þar eð lögreglustjóri tekur umrædda ákvörðun í þágu rannsóknar sakamáls og þá sem handhafi ákærvalds.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum. Þess vegna er eðlilegt að ríkissaksóknari hafi eftirlit með því hvernig lögreglustjórar beita þessu rannsóknarúrræði ef ákvæðið verður að lögum.

Ríkissaksóknari efast um að það sé í samræmi við ákvæði 26. oml. að dómsmálaráðherra hafi milliliðalaust eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum eins og virðist gert ráð fyrir í frumvarpsgreininni og athugasemdum með henni. Mælt er fyrir um það í 1. mgr. 26. gr. oml. hvernig eftirliti dómsmálaráðherra með framkvæmd ákærvalds skuli hagað. Getur ráðherra krafði ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál og samkvæmt því skal hann ekki leita til einstakra lögreglustjóra um meðferð þeirra á ákærvaldi. Að sjálfsögðu getur dómsmálaráðherra krafði ríkissaksóknara upplýsinga um meðferð lögreglunnar, þ.e. lögreglustjóra, á umræddri rannsóknarheimild.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið rakið telur ríkissaksóknari að frumvarpsgreinin skuli vera svohljóðandi:

*Ef veruleg hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum getur **lögregla** ákveðið að aðgerðir skv. 86.gr.hefjist án dómsúrskurðar. **Lögregla** skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. **Komist** dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv.86.gr. [...] skal hann [...] senda tilkynningu um það til **ríkissaksóknara**.*

Ríkissaksóknari leyfir sér loks að leggja til að bætt verði einni grein við frumvarpið eins og hér segir:

Síðasti málsliður 1. mgr. 76. gr. verður svohljóðandi:

Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.

Vakin er athygli á að í 114. gr. oml. er bæði kveðið á um kærufrest vegna ákvörðunar lögreglustjóra um að fella niður mál vegna sönnunarskorts eða falla frá saksókn og um afgreiðslufrest ríkissaksóknara á slíkri kæru.

Samkvæmt 76. gr. oml. getur lögreglan vísað frá kæru ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni og hún getur einnig hætt rannsókn ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram. Sá sem hagsmuna hefur að gæta getur borið ákvörðun lögreglunnar undir ríkissaksóknara. Í lagagreininni er hvorki mælt fyrir um kærufrest né afgreiðslufrest. Álitamál er hvort rétt er að beita ákvæðum 114. gr. oml. með löggjöfnun um kærur samkvæmt 76. gr. laganna eða hvort beita beri ákvæðum stjórnisýslulaga. Þess vegna er mikilvægt að leysa úr því álitamáli með lagasetningu.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10

Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P/130/2241
komudagur 29.4.2004

UMBOÐSMAÐUR BARNA


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. apríl 2004
Tilvísun UB: 0404/4.1.1.

Efni: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um einkamálalög og þjóðlendulög, 872. mál og beiðni um umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 871. mál.

Í morgun, 27. apríl 2004, barst mér í hendur beiðni frá háttvirtri allsherjarnefnd Alþingis um að veita umsögn um ofangreind frumvörp. Óskað var að umsagnir bærust eigi síðar en 29. apríl nk. Í ljósi þess ofur skamma frests sem veittur er til umsagna get ég ómögulega orðið vð þessum beiðnum. Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Þórhildur Líndal